



30. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn fimmtudaginn 16. maí 2002

1. Tryggingartilboð kynnt frá Europea Ltd. og Hagall. Guðmundur sagði að tilgangur sinn með því að fá þetta tilboð væri að kanna hvort við gætum útvíkkað tryggingar Styrktarsjóðs án þess að auka útgjöld. Bera þyrfti saman núverandi greiðslur úr styrktarsjóð og þetta tilboð.
2. Guðmundur kynnti niðurstöður úr viðræðum við Samninganefnd ríkisins varðandi jöfnun réttinda á milli starfsmanna ríkisins sem eru félagsmenn innan vébanda ASÍ annars vegar og BSRB hins vegar. Engin niðurstaða fékkst. Ekkert hefði komið fram um þýðingarmesta liðinn þ.e. jöfnun lífeyrisréttinda og ljóst að taka þarf upp málið í næstu kjarasamningum.
3. Farið var yfir sjúkrasjóðsmálefni Landssímans varðandi félagsmenn Félags ísl. Síamanna. Rætt um uppsagnir á Akureyri hjá okkar félagsmönnum.
4. Dreift var fréttabréfi Hagstofu Íslands varðandi rauðu strikin.
5. Guðmundur fór yfir málefni skólanna. Í samræmi við fyrri samþykktir er verið að reyna að losna við skólanna aðra en Rafiðnaðarskólann og Faxafenshúsið.
 - A) Í gangi eru viðræður við aðila um sölu á húsinu.
 - B) Í gangi eru viðræður um sölu á VT skólanum. Guðmundur sagðist vera bjartsýnn á að það gengi. Þarna væru á ferð menn
 - C) Í gangi eru viðræður um að Iðnskólinn yfirtaki rekstur og ábyrgð á Margmiðlunarskólanum.
 - D) Búið er að endurskipuleggja CTEC deildina og verður hún sameinuð Rafiðnaðarskólanum og flutt í húsnæði Rafiðnaðarskólans í sumar, einnig bókhalds- og launadeild. Umtalsverð fækkun verður á starfsfólki í sumar.
 - E) Umræður eru í gangi um framtíð Kvikmyndaskólans.
 - F) Viðræður eru í gangi um framtíð Tölvuskóla Reykjavíkur.
 - G) Unnið er að hagræðingu í rekstri Rafiðnaðarskólans.
 - H) Rætt var um þau dómsmál sem eru í gangi.
 - I) Unnið er að endurskoðun reikninga eftirmenntunarsjóðanna. Á sambandsstjórnarfundum var ákveðið að fá samstöðureikning fyrir alla sjóðina fyrir árin 2000, 2001 og 2002.
 - J) Rætt um stofnun sameiginlegs sjóðs eftirmenntunarnefndanna allra eins og samþykkt var á sambandsstjórnarfundum. Búið er að ræða við atvinnurekendur um að setja í gang vinnu við að setja upp reglugerð fyrir sjóðinn.
 - K) Endurskoðun reikninga sambandsins og eftirmenntunarsjóða rafeindavirkja, tæknifólks og símsmiða hefur verið falin Þema Theodóri S

Sigurbergssyni.

- L) Rætt var um ábyrgðir RSÍ gagnvart eftirmenntunarsjóðum og skuldir þeirra
6. Björn Ágúst formaður orlofsnefndar lagði fram minnismiða um störf nefndarinnar. Það hefur mikið breyst síðan hún var stofnuð og hann sagði að það væri kominn tími til að skoða hvert hlutverk hún ætti að gegna í framtíðinni. Björn kynni einnig tillögur orlofsnefndar um úthlutun á íbúðum á Spáni næsta vetur. Ef tillögurnar verða samþykktar þá er lagt til að þetta verði unnið í samvinnu við Matvís.
 7. Anna Melsted fór yfir málefni heimasíðu RSÍ. Hún fór yfir síðuna eins og hún er núna. Útboð í fyrsta áfanga yrði í haust. Kanna þarft áhuga annara aðila í húsinu á því að vera með og einnig Rafiðnaðarskólans.
 8. Farið yfir beiðnir um styrki. Einnig fjármögnun Spennugolfs 2002 og Fjölskylduhátíð 21-23 júní á Apavatni.

Annað ekki rætt og fundi slitið kl. 16.10

Fundargerð ritaði Björn Ágúst Sigurjónsson.